

Skógrækt ríkisins
skógarvörðurinn á Suðurlandi.

ÁRSSKÝRSLA 1946.

SKÝRSLA

UM SKÓGRÆKTINA Á SUÐURLANDI ÁRIÐ 1946.

Girðingar: Girt var við Bleiksárgljúfur í landi Barkastaða 350 m löng gaddavírsgirðing með járnsteurum. Annarstaðar var ekki girt, en gömlun girðingna helðið við eftir fögum.

Byggingar: Lokið var við íbúðarhús á Tunastöðum svo og viðgerðar og verkferahús 9 x 10 m stórt. Íveruskúr var fluttur á Þórsmörk, handa mönnum að búa í er vinna þar.

Græðireiturinn í Múlakoti:

Sáð var í reitinn	Birkifræi	í	110 m ²
- - - -	Reynifræi	-	130 -
- - - -	Grenifræi	-	200 -
- - - -	Hlynfræi	-	40 -

Fræið sem notað var 40 kg Birkifræ úr Bæjarstaðaskógi, Reynifræð aðallega úr görðunum í Múlakoti, dálítið úr görðum í Reykjavík 160 kg. Sitkagrenið frá Alaska safnað af skógræktarstjóra 28 kg öllu raðsáð. Hlynfræið úr görðum í Reykjavík 20 kg raðsáð.

Græðlingar voru settir af	Pineviði	5.500 st.
- - - -	- Spirea-Douglasi	5.500 st.
- - - -	- Fagurviðir	3.400 -
- - - -	- Rifs	700 -
- - - -	- Viðja	550 -
- - - -	- Lóllur	400 -

samtals. 15.650.st.

Auk þess voru teknir græðlingar af ýmsum tegundum samtals 1939 st. Alls voru teknir og settir niður 17.589 st. græðlingar, en af þeim festu aðeins 4.826 st. ratur.

Dreifplantað var	Birki	10.500 st.
- - - -	Reynir	5.000 -
- - - -	Silfurreynir	700 -

samt. 16.200 st.

Uppteknar plöntur haustið 1946	Birki	15.750 st.
- - - -	Reynir	9.650 -
- - - -	Silfurreynir	700 -
- - - -	Sitkagreni	6.300 -

samt. 32.400 st.

Rótarsveppur hefur herjað á birkiplönturnar í græðireitnum undan farin ár. Eins og sjá má á skýrslu 1945 var dreifplantað þá um vorið 41.000 st. af birki, er eru nú aðeins tæp 16.000 st. eftir standandi. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að komast fyrir sveppinn, en þær hafa ekki tekist. Sennilega verður engu birki hvorki sáð né plantað í græðireitinn að vori (1947) af þessum ástæðum.

Reynir hefur spírða mjög illa undanfarin ár, svo að mjög lítið er til af unglöntum. Aftur á móti hafa mjög lítil vanhöld orðið á því sem plantað hefur verið út. Vorið 1945 var dreifplantað 10.100 st, af þeim komust 9.650 st. upp og má það kallast gott.

Einhver mistalning hefur átt sér stað með sitkagrenið sem dreifplantað var vorið 1945. Þá var dreifplantað 5.875 st. en í haust voru teknar upp úr sömu beðum 6.300 st. Ekki er nema gott eitt að segja um að plöntunum fjölgi, en svona fjölgun á sér ekki stað nema á blaði.

Sitkagrenifræinu, sem sáð var í vor, hefur spírað sæmi-lega og dafnaði það vel í sumar hvernig sem veturinn fer með það.

Dráttarvélar og bílar:

Í ágúst var keypt beltisdráttarvél með ýtusjóflu. Var hún notuð til að jafna hið fyrirhugaða græðireitsstæði á Tumastöðum, svo og til að lagfæra ýmislegt á jörðinni. Hún var einnig lánuð bændum í nágreninu til að vinna á jörðum þeirra. Einnig var keyptur traktor (Farmaal) til alls minni háttar brúka. Tvö diskherfi voru fengin. Lokræsaplógur við beltisdráttarvélinu. Bílar voru þeir sömu og síðastliðið ár R-379 og X-180. B-47 var seldur á árinu.

Ferðir:

Í Þjórsárdal fór ég í júní með skógræktarstjóra og sáðum við þar grasfræi á sandana til tilraunar. Seinni partinn í sumar fórum við þangað aftur og athuguðum árangur og virðist hann vera framar öllum vonum. Farið var í Haukadal til eftirlits og lagfæringar. Einnig fór ég margar ferðir á Þórsmörk til vinnu þar og eftirlits. Girðingin þar er orðin mjög léleg og væri nauðsynlegt að lagfæra hana og endurbyggja, því kostnaður við viðhald hennar er orðinn það mikill að það mundi fljótlega borga sig að setja nýja girðingu. Í haust fór ég tveir ferðir austur í Öreffi til að sækja birkifæs og var farið alla leið á bíl.

Tumastöðum í janúar 1947

Garðar Jónsson.